

C Q T F



Myndir er frá námskeiði sem Í.R.A.hélt í apríl og maí 2006. Námskeiðið var ætlað fyrir verðandi radióamatöra og þá sem vildu ná sér í meiri réttindi.

Myndina tók Óskar Sverrisson TF3DC

Í þessu blaði

3. tbl.
24. árg.
júlí 2006



Frá ritstjóra	2
Frá formanni	3
Fundargerð aðalfundar Í.R.A. 2006	4
TF3GB heiðraður	9
Ný stjórn Í.R.A.	9
TF útileikarnir 2006	9
Dippe dutter	10
TF3AM reisir nýjan lóðréttan dípól	11
Rétt notkun kallmerkja	13
TF7 og hálendið	14
Keppnismál	16

Viðtakandi

ÍRA er landsfélag Íslenskra Radióamatöra. ÍRA er hin Íslenska deild í alþjóðasamtökum radióamatöra I.A.R.U. og I.A.R.U. Region 1 og norrænu samtökunum N.R.A.U.

Helstu markmið félagsins eru:

- Gæta hagsmuna radióamatöra í hvívetna.*
- Efla kynningu og samstarf meðal radióamatöra innanlands og utan.*
- Stuðla að færni félagsmanna og góðum venjum í radióviðskiptum*
- Hvetja til viðbúnaðar sem mætti gagnast í neyðarfjarskiptum.*
- Efla amatörradíó sem leið til sjálfsþjálfunar á tæknisviðinu.*
- Hvetja til tæknilegra og vísindalegra rannsóknna og uppgötvana á sviði radiófjarskipta.*
- Örva radióþróttir meðal radióamatöra.*
- Þróa amatörradíóþjónustuna sem verðmætahjónaraudlind.*
- Stuðla að öflugri eskulýðsstarfsemi og kynningu á amatörradíó meðal ungs fólks.*

Í stjórn ÍRA 2006-2007 eru:

Form: Haraldur Þórðarson TF3HP
Varaform.: Þór Þórisson TF3GW
Ritari: Hrafnkell Eiríksson TF3HR
Gjaldkeri: Ársæll Óskarsson TF3AO
Meðstj.: Sveinn B. Sveinsson TF3SNN
Varam.: Þór Magnússon TF3TON
Varam.: Jón G. Harðarson TF3PPN

CQ TF er félagsblað ÍRA og kemur út fimm sinnum á ári. Útgefandi er: Íslenskir Radióamatörar, ÍRA, Pósthólf 1058, 121 Reykjavík. Ritstjóri og ábyrgðarmaður er: Brynjólfur Jónsson TF5BW, Pósthólf 121, 602 Akureyri.

Félagsheimili ÍRA er í þjónustumíðstöð ÍTR að Skeljanesi í Reykjavík og eru fundir þar á hverjum fimmtudagskvöldi kl. 20.00.

Talhöf ÍRA hefur verið lagt niður.

Vefsíða ÍRA er á slóðinni:

<http://www.ira.is> og er þar að finna ýmsar upplýsingar um félagið og amatörradíó

Skammstöfunin "CQ" er notuð í fjarskiptum til að tákna "kall til allra stöðva" og "TF" eru einkennisstafir Íslenskra radióstöðva.

Allir áhugamenn um fjarskipti og radiótækni, sem vilja starfa í samræmi við markmið félagsins geta gerst félagar

Frá ritstjóra

Brynjólfur Jónsson TF5BW



TF5BW

Sælir félagar.

Jæja þá er gamli góði TS-430S kominn upp á borðið hjá mér aftur. Þetta gekk ekki lengur og því var ekkert annað að gera en taka hann úr geymslunni og setja dótið upp aftur. Þetta gekk þrautalítið fyrir sig að öðru leiti en því að rotorinn fyrir loftnetið var tregur á stað en það hafðist fyrri rest.

Fjárfesti meira að segja í nýjum spennugjafa til að geta keyrt allt 12 volta dótið á

einum og sama spennugjafanum. En þar skaut ég mig í fótinn því þessi spennugjafi, sem er í gráum kassa og framan á honum stendur stórum bláum stöfum 25-27 A, á að gefa um 20 A stöðugt er eitthvert mesta djö..... drasl sem ég hef keypt og kalla ég ekki allt ömmu mína í þeim efnum. Strax við að taka útaf honum um 6 A stöðugt var hann óeðlilega heitur að mér fannst og hugsaði ég með mér hvað mundi verða við 20 A. Þannig að ég bætti á hann víftu sem að lagaði þetta nú dálítið. Notaði hann síðan á HF inu í um einn til einn og hálfan tíma og hafði um 100 sambönd og eftir þá skorpu var hann mjög heitur þrátt fyrir víftuna. Í fram haldi af þessu þá keypti ég mér tengibox fyrir 12 volta tæki, sem West Mountain Radio framleiðir, frá Bretalandi en í þessu tengiboxi er yfirvolta aðvörun ásamt ýmsu öðru. Setti þetta tengi box upp og kveikti á spennugjafanum og viti menn um leið lét tengiboxið vita af því að voltin væru allt of há og var því slökkt í snarheitum og allt aftengt. Setti mælir á spennugjafann og þá komu 24 V út af honum. Eins og allir vita þá er gott að gefa svona tækjum smá drag til að vita hvort þau fari ekki í lag aftur og viti menn spennan datt niður í tæp 14 V. Fór ég nú að skoða þetta betur og við smá dump utan í kassann þá hoppuðu voltin upp í 15- 18 V. Ég tók nú lokið af og fór að skoða betur. Kæliplöturnar aftan á voru laflausar ásamt öllu sem í þær festist. Þegar potað var í eina prentplötuna þá hoppuðu voltin upp og niður sem benti til lausra lóðninga eða eitthvað í þeim dúr og var sú plata lóðuð upp og er nú hægt að dumpa utan í kassann án þess að voltin stökkvi upp. Þetta er spennugjafi sem ég get ekki með nokkru móti mælt með.

Þetta tengibox, sem heitir RIGrunner 4010S, er aftur á móti bráð sniðugt og er hægt að tengja í þetta 10 tæki sem taka frá 25 A niður í 1 A og er sér öryggi fyrir hvert úttak en meira um það seinna.

73 de TF5BW
CQ TF júlí 2006

Frá formanni

Haraldur Þórðarson TF3HP



TF3HP

Ágætu félagar

Á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund var álveðið að verkaskipting stjórnar væri eftirfarandi.

Haraldur Þórðarson TF3HP formaður. Varaformaður Þór Þórisson TF3GW. Gjaldkeri Ársæll Óskarsson TF3AO. Ritari Hrafnkell Eiríksson

TF3HR. Meðstjórnandi Sveinn Bragi Sveinsson TF3SNN en hann er jafnframt umsjónarmaður félagsaðstöðu okkar og sér að mestu um samskipti við stöðvarstjóra ITR í Skeljanesi. Varamenn voru kosnir Jón Gunnar Harðarson TF3PPN og Þór Magnússon TF3TON

Jón Gunnar hefur tekið að sér að sjá um QSL "buro" en eins og ykkur er kunnugt gaf Bjarni Sverrisson TF3GB ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn og óskaði jafnframt eftir því að fundinn yrði eftirmaður sinn til að sjá um QSL málin og féllst TF3PPN á að taka þetta að sér. Ég þakka Bjarna fyrir samstarfið á liðnum árum og óska honum alls hins besta. Bjarni hefur reyndar tjáð mér að ekki væri útilokað að hann gæfi kost á sér til trúnaðarstarfa fyrir Í.R.A. seinna meir. Ég vona einnig að þeir sem nú koma nýir inn í stjórn eigi eftir að endast þar lengi enda er þörf á endurnýjun í stjórn.

Á þessu ári er félagið 60 ára og í tilefni afmælisins er fyrirhugað að bjóða til veislu í ágúst ekki er enn alveg fast ákveðið hvaða dagur þetta verður sen mjög sennilega verður það síðasta laugardag ágústmánaðar. Hrafnkell TF3HR hefur tekið að sér að vera nokkurskonar tengiliður og að skipuleggja þetta. Ég hvet alla féлага að taka frá þennan dag.

Ferð í Knarrarósvita er fyrirhuguð á sama tíma og venjulega. Upplagt fyrir yngri menn og konur að koma og vera í tjaldi eða tjaldvagni en mikið landrymi er umhverfis vitann.

Enn eru nokkrir félagar á lífi sem voru á stofnfundinum og hafa þeir sagt mér að mikil stemming hafi verið á fundinum og hafi um 300 manns mætt og tekið þátt.

Fyrsti formaður var kosinn Einar Pálsson verkfræðingur og starsmaður Landssíma Íslands og eftir að fyrsta reglugerðin kom út um haustið 1946 fékk hann leyfisbréf nr. 1

Ekki veit ég hvers vegna reglugerð var sett svona seint um starfssemi amatöra á Íslandi, en t.d. EDR danska félagið var 80 ára fyrir nokkrum árum og ekki er ástæða að ætla að við sætum skör lægra í þessu sambandi

Ekki man ég lengur hverjir voru kosnir í stjórn með Einari. Ekki varð þessi sjórn langlíf en starfaði með höppum og glöppum í nokkur ár en eftir 1960 komst aftur á virk stjórn og hefur félagið starfað síðan. Fyrst í stað var öllum þeim sem ætluðu að vera virkir gert að vera félagar í Í.R.A. jafnframt því að vera skráðir sem notendur hjá RUV. Ekki veit ég hvenær sú regla aflagðist en 1973 var félagsskyldan aflögð og aðeins þurfti að greiða einu sinni fyrir útgáfu leyfisbréfs.

Fyrrum formaður Í.R.A. Kristján Benediktsson TF3KB hefur bent á að frá upphafi hafi félagsmenn yfirleitt verið í kringum 130 og virðist ganga illa að fjölga þeim hvernig sem á því stendur. Oft hefur verið gert stóráttak til að kynna félagið en lítið komið út úr því. Vonandi verður farið í átak nú í haust um að gera félagið meira áberandi,

Eins og þeir muna sem voru á síðasta aðalfundi var ætlunin að setja silfurmerki félagsins á Bjarna Sverrisson TF3GB en hann gat ekki mætt og því var það að á fimmtudagsfundum nú fyrir skömmu var Bjarna afhent merkið

Fyrirhuguð er uppsetning og viðgerð á HF netum félagsins og hvet ég alla til þess að koma og vera með. Sveinn TF3SNN mun blása til verks og tilkynna það á póstlistanum.

Ennþá eru smávandræði með APRS digi á Skálafelli en vonir standna til að bráðlega verði fundin lausn á þeim vandræðum

73 de Haraldur Þórðarson TF3HP

Fundargerð aðalfundar Í.R.A. 2006

Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS



TF3VS

Aðalfundur ÍRA var haldinn 20. maí 2006 í félagsheimilinu að Skeljanesi.

Formaður setti fund stundvíslega kl. 14 og lagði til að fundarstjóri yrði TF5BW og fundarritari TF3VS sem samþykkt var einróma.

Fundarstjóri kannaði lögmati fundar og kallaði eftir umboðsmönnum fjarstaddra félaga sem engir reyndust vera. Gaf hann þá formanni orðið til að flytja skýrslu stjórnar.

Eftir síðasta aðalfund skipti nýkjörin stjórn með sér verkum sem hér segir:

Varaformaður: TF3GW; gjaldkeri: TF3AO; ritari: TF3GB, ásamt umsjón með QSL þjónustu; meðstjórnandi: TF3SNN, ásamt umsjón með félagsstöð og félagsheimili. Stjórnarfundir voru að jafnaði fyrsta fimmtudag hvers mánaðar og voru varamenn oft viðstaddir, en TF3VG flutti úr borginni og átti því ekki alltaf hægt um vik með að sækja þá.

Varaformaður skipulagði vetrardagskrá og var reynt að hafa fræðslufyrirlestur í hverjum mánuði. TF3DX fjallaði um loftnet í þrjú skipti, TF3JA ræddi um neyðarfjarskipti í tvö skipti og TF3HR sýndi loftnetaforritið EzNec.

TF3DX með sumarnámskeið fyrir verkfræðistúdenta eins og stundum áður. Vetrarnámskeið fyrir verðandi radióamatöra var haldið og sáu þeir TF3HK, TF3DX, TF3HR, TF3GW og TF3KX um fræðsluna og er þeim þakkað fyrir óeigingjarnt starf. Þau nýmæli voru á þessu námskeiði að kennslan var aðeins miðuð við N-leyfi og var því sumu sleppt

og annað tekið öðrum tókum en venjulega. Hinsvegar er reynsla og þekking þátttakenda á ýmsa vegu og voru menn hvattir til að bæta við sig eftir föngum utan námskeiðs, en kennslugögnin sem þátttakendur fengu voru þau sömu og venjulega þegar kennsla miðast við G-leyfi. 10 tókust á við síðasta próf og stóðust allir, þar af fengu 6 G-leyfi en 4 N-leyfi.

Stjórnin skipaði TF3VS í prófnefnd á árinu.

Nýr endurvarpi var keyptur í stað Smala sem eyðilegðist fyrir ellisakir. Hefur hann verið settur upp í Furugerði þar sem Smali var áður. Samþykkti stjórn að nefna nýja endurvarpann Einar, eftir fyrsta formanni félagsins, en hann var mikill áhugaður um VHF fjarskipti.

TF3GW setti upp Echo-Link á Bláfjallaendurvarpann og rekur nettingu fyrir hann heiman frá sér. Á þann hátt geta amatørar tengst til annarra landa, t.d. um handstöð héðan. Allnokkur umferð mun vera um þessa tengingu.

Endurvarpi fyrir APRS verður settur upp í næstu viku, en þeir TF3TTY og TF3TON hafa lagt til búnaðinn sem til þarf, þ.e. VHF stöð og TNC. Fer áhugi á APRS hér á landi vaxandi.

Force12 aðal-loftnet félagsins brotnaði enn og aftur í vetur og er nú ekki talið borga sig að tjasla uppá það. Búið er að panta nýtt loftnet, þriggja elementa StepIR, sem ætti að koma fljótlega til landsins og verður þá sett upp hið snarasta.

VHF/UHF loftnet og búnaður er kominn fyrir nokkru og er tilbúinn til uppsetningar, aðeins vantar fúsar hendur.

Félagsstöðin hefur verið nokkuð virk með kallmerkinu TF60IRA, og eru allir íslenskir amatørar hvattir til að nota 60 í stað númers síns á árinu til hátíðabrigða. Stöðin hefur verið endurbætt nokkuð,

keypt var sérstök sía til að minnka truflanir frá sterkum stöðvum nálægt hlustunar-tíðninni og síðan bættu þeir TF3YH og TF3DC um betur og gáfu félaginu CW síur í stöðina þannig að nú er hún fullbúin að þessu leyti. Voru þeim Óskari og Yngva færðar bestu þakkir.

Félagið sendi fulltrúa á NRAU fund og IARU ráðstefnu og var TF3KB, alþjóðatengill félagsins, sendur eins og áður. Nokkur kostnaður er við þessa þátt-töku þrátt fyrir styrki frá erlendum sam-tökum, en það er skoðun stjórnar að það sé nauðsynlegt fyrir okkur að taka þátt í þessu starfi til að fylgjast með og einnig til að geta haft áhrif á þau mál er okkur varðar.

Í vetur kom til landsins einn af stjórnarmönnum IARU, Hans, PB2T, en hann var hér á ráðstefnu um Sengen svæðið. Áttu stjórnarmenn þess kost að sitja eina kvöldstund með honum og ræða málefni amatöra. Meðal annars var rætt um CEPT leyfi og frjálslega túlkun sumra á þeim, sbr. uppákomur með kallmerki frá Luxemburg á síðasta ári og leiðbeiningar á vef DARC um frjálsa notkun númera með TF/. Hans hefur einmitt CEPT málefni á sinni könnu innan IARU og tók hann að sér að koma þessu á framfæri innan sam-takanna. Hafa síðan allnokkur bréfaskipti átt sér stað milli Í.R.A. og DARC og þótt nokkuð djúpt virðist á leiðréttingum virðist málið vera að leysast.

Í vetur samþykkti Póst- og fjar-skriptastofnun CEPT réttindi N-leyfishafa, sem eru að komast á í nokkrum löndum og geta því N-leyfishafar sem óska fengið CEPT skírteini ef þeir eru á ferð til þeirra landa sem hafa veitt þessi réttindi.

Að svo mæltu þakkaði formaður samstjórnarmönnum og nefndarmönnum gott samstarf á liðnu ári.

Næst fékk alþjóðatengill félagsins, TF3KB orðið. Sagði hann frá för sinni til Kaupmannahafnar á NRAU fund og til Sviss á IARU ráðstefnu. Dagskrá og fundargerðir

þessara funda liggja fyrir á netinu öllum opnar. Sagði Kristján síðan frá ýmsu sem gerðist utan funda, sem skýrir ýmislegt. Benti hann á að við Íslendingar erum nokkuð einangraðir og fáum stundum bara að fréttu af orðnum hlut í stað þess að vera þátttakendur í ákvörðunartöku.

Eitt af því sem kom fram á fundinum í Kaupmannahöfn var að Svíar ætla að leggja til breytingar á lögum NRAU þannig að Ísland verði fullgilt félagsland og því með í röð formennsku og undirbúningsfunda fyrir IARU ráðstefnur.

Ýmsar nefndir eru að störfum á milli funda og hafa t.d. ný tíðnisvið hafa náðst vegna þrotlauss starfs. Einnig var bandplan rætt á milli funda og var nokkur ágreiningur á milli NRAU og svo DARC og RSGB. Á fundinum var svo DARC tillagan valin.

Til tals hefur komið að Íslendingar bjóðist til að halda IARU ráðstefnu hér á landi í samvinnu við NRAU, en ef til kæmi yrði það fyrst eftir 5 ár. Þó verður að taka ákvörðun um slíkt boð mikið fyrr og bera upp á ráðstefnunni í Króatíu eftir tvö ár. Lagði Kristján til að stjórn ræddi málið og tæki ákvörðun sem fyrst í þessum efnunum.

Þá tók TF3GW til máls um endurvarpa. Almennt hafa þeir gengið vel, þó dó Smali í Furugerði og var keyptur nýr endurvarpi af Kenwood-gerð í hans stað. Ekki gekk sem skyldi að koma honum af stað því umboðið hafði ekki fengið rétta gerð af stilliforriti með honum. Það hefur nú verið leiðrétt og er hann nýuppsettur til prófana.

Nýja loftnetið á Pétri eyðilegðist af ísingu í vetur og var í þess stað sett upp loftnesstöng sem á að þola áraunina við þessar aðstæður.

Búri hefur gengið, en sumir kvarta yfir því að hann sé ekki næmur sem skyldi og erfitt að komast inn á hann.

Bláfjallaendurvarpinn hefur gengið ágætlega en hugsanlega hafa r að

hitavandamál truflað hann í sendingu og verður það skoðað. Staðfest er að hann næst alla leið austur til Víkur í Mýrdal. Mikil notkun hefur verið á honum eftir að EchoLink var tengt og gengur það vel, nema vandamál hafa verið við að senda DTMF tóna.

TF3AO sagði frá keppnismálum. TF3YH og TF3DC hafa tekið þátt í CW keppni undir kallmerkinu TF60IRA. TF3AM hefur sent inn upplýsingar um þær keppnisupþakomur sem hann hefur tekið þátt í og eitthvað hefur verið um að menn hafi farið vestur í Otradal og keppt undir kallmerki Þorvaldar, TF4M. Hvatti TF3AO svo áhugamenn um fjarskipta-keppni til að hafa samband og skrá sig til þátttöku.

TF5BW greindi frá blaði, vef og viðurkenningarskjölum. 697 skjöl hafa verið gefin út, þar af 31 frá síðasta aðalfundi. Vefurinn er mikið sóttur, 50-70 heimsóknir á dag og hafa 131.000 skoðanir á síðum verið frá upphafi. Mest sækja Íslendingar í vefinn, þá Svíar, svo Bandaríkjamenn, en heimsóknir frá um 120 löndum hafa verið á hann.

CQ-TF gengur fremur illa og eru þar erfiðleikar við efnisöflun verstir. Er nú svo komið að Brynjólfur segir af sér ritstjórn með árs fyrirvara, og biður um að aðrir taki við, þannig að eftir aðalfund að ári verður að skipa nýjan umsjónarmann blaðsins.

Að skýrslum embættismanna loknum fékk gjaldkeri orðið til að mæla fyrir reikningum félagsins. Voru þeir áritaðir af skoðunarmönnum. Sagði hann stöðuna góða og lýsti helstu póstum í tekjum og gjöldum. Voru þá reikningar bornir undir atkvæði og samþykktir samhljóða.

Þá gaf fundarstjóri orðið laust um skýrslu stjórnar og embættismanna.

TF3HP spurði TF3KB um afstöðu hans til samkomu radióamatöra í Friedrichshafen, og hvort hann teldi að ÍRA ætti að leggja áherslu á að taka þátt í henni.

TF3KB svaraði því til að reyndar væri sú samkoma árlega, mörg lönd tækju þátt í henni og hefðu þar bása en allir fundir þar væru þó óformlegir. Hún kæmi því ekki í staðin fyrir NRAU og IARU fundina en gæti þó nýst til viðræðna og óformlegra samskipta.

TF3T tók undir það að ekki væru teknar neinar ákvarðanir í Friedrichshafen, en þó væri nær að leggja af norræna samstarfið og nota Friedrichshafen í staðinn til samskipta.

TF3KB sagði að NRAU væri náttúrlega ekki félag og hefði enga yfirbyggingu heldur væri samráðsveitvangur. För til Friedrichshafen kæmi því á engan hátt í staðinn fyrir það.

Fleiri tóku ekki til máls um skýrslu stjórnar og embættismanna.

Þá var komið að lagabreytingum. Ein tillaga hafði borist frá TF3VS, um breytingar á meðferð fundargerðar aðalfundar (sjá fylgiskjal 1).

TF3T lýsti þeirri skoðun sinni að fundargerð ætti að lesa í lok fundar og samþykkja þá þegar.

TF3VS tók að nokkru undir að og sagði að tillaga sín færi eins nærri þeim hætti eins og þætti fært, en vandfundnir yrðu þeir fundarritarar sem væru svo hraðskrifandi að geta sinnt því.

TF3KB tók undir með VS og mælti með lagabreytingatillögunni.

Var hún síðan borin undir atkvæði og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Nú ætlaði fundarstjóri að hafa kaffihlé, en formaður bað menn að bíða og bað um orðið. Sagði hann frá því að Bjarni Sverrisson, TF3GB, hefði lýst yfir því að

hann skoraðist undan endurkjöri til stjórnar og jafnframt að hann vildi fá lausn frá umsjón QSL þjónustu. Bjarni hefur verið sleitulaust í stjórn í um 20 ár og séð jafnframt um QSL kortin auk þátttöku í flestum uppákomum og atburðum félagsins. Var því einróma ákvörðun stjórnar að þakka Bjarna fyrir störf hans og yrði hann yrði sæmdur silfurmerki félagsins við fyrsta tækifæri, en því miður átti hann ekki kost á að koma til fundarins. Klöppuðu fundarmenn kröftuglega fyrir TF3GB. Síðan var gengið til kaffiborðs.

Að loknu kaffihléi var gengið til stjórnarkjörs.

Fyrst var lýst eftir tillögum um formann og var stungið upp á TF3HP. Var hann sjálfkjörinn.

Úr stjórn áttu að ganga TF3GB og TF3GW. TF3GB baðst undan endurkjöri eins og áður var fram komið og var stungið upp á TF3GW og TF3HR, og voru þeir sjálfkjörmir.

Varamenn; stungið var upp á TF3TON og TF3PPN og voru þeir einnig sjálfkjörmir.

Skoðunarmenn reikninga; stungið var upp á TF3DC og TF3HK og TF3VS til vara. Voru þeir sjálfkjörmir.

Ákvörðun um árgjald. Gjaldkeri lagði til óbreytt gjald, kr. 4000, en jafnframt að bankakostnaður, sem hefur hækkað allnokkuð, kr. 300 yrði lagður ofan á þá sem rukkaðir eru með greiðsluseðli. Lagði hann áherslu á að þeir sem greiddu beint inn á reikning yrðu ekki krafðir um innheimtugjaldið. Var þetta samþykkt samhljóða.

Þá var komið að umræðum um önnur mál.

TF3YH sagði frá því að loftnetaráðstefnu í Otradal væri aflýst vegna þess að TF4M hefði slasast. Hinsvegar verður vonandi hægt að halda hana síðar.

TF3KB spurði ritstjóra hvort fyrirhuguð afsögn hans á ritstjórn CQ-TF gilti einnig um vef og viðurkenningarskjöl. TF5BW kvað nei við, þetta gilti einungis um blaðið.

TF5BW þakkaði gjaldkera fyrir skýran ársreikning og sérstaklega þó að ráðstöfun tekjuafgangs sé sundurgreind fram sérstaklega. Hvatti hann til að bætt yrði enn við slíkar sundurliðanir, t.d. væri fróðlegt að sjá sundurgreiningu á rekstri félagsstöðvar og framkvæmdum í félagsheimili.

TF3AO sagði frá því að StepIR loftnetið væri væntanlegt í næstu viku. TF3JA tók tvö loftnet með í sömu sendingu þannig að flutningskostnaður dreifist nokkuð. Þá eru varahlutir í rótor komnir, en þó teldi hann að uppsetning VHF/UHF búnaðar ætti að hafa forgang í vor. Þarf að safna liði til að koma þessu öllu upp.

TF3HP benti á að næsti fimmtudagur væri almennur frídagur og mætti nýta hann til framkvæmda ef menn vildu.

TF3DC spurði hvort kannað hefði verið hversu margir virkir amatörar væru ekki í félaginu. TF3AO svaraði og sagði það ekki hafa verið gert, enda illfrankvæmanlegt.

TF3YH taldi marga virka amatöra ekki vera í félaginu og bauðst hann til að freista þess að gera lista yfir þá ef gert yrði átak í að fá þá í félagið.

TF3KB taldi að gott félagsblað og félagsaðild væri nátengt – því væri nauðsynlegt að halda blaðinu vel við til að missa ekki félagana.

TF3T sagðist eiga efni úr log-periodic loftneti, þ.e. þverrörin og spólurnar og vill hann gefa félaginu það ef menn vilja þiggja.

TF3HP benti á að stutt væri í 60 ára afmælið. Væntanlega yrði félagið með uppákomu í Knarrarósvita þann 18. ágúst og hvatti hann menn til að mæta þar og

halda afmælið hátíðlegt ásamt þátttöku í vitahelginni.

TF3GW sagði að Siglingamálastofnun væri að fara að bæta við sendi og hefðu þeir talið vænlegt að setja hann upp við Knarrarósvita. Ef svo færi yrði sá staður okkur ónýtur til frambúðar til fjar-skipta.

TF5SLN spurði hvort ekki væri til neitt námsefni á íslensku fyrir radióamatöra sem aðgengilegt væri. TF3HP svaraði því til að svo væri því miður ekki. TF5BW bætti við að slík útgáfa yrði trúlega of dýr. TF3TNT mælti með að námskeið yrðu tekin upp á mynddiska, sem mætti svo dreifa. TF3VS sagðist vera vantrúaður á þá aðferð, benti á að hann hefði sjálfur reynt það og tekið upp tvö kennslukvöld á námskeiði, en það kæmi illa út. Benti hann ennfremur á að þetta hefði verið reynt ítrekað í öðru félagi sem hann væri í og hefði alltaf mistekist að gera úr því nothæft efni. Mælti hann frekar með átaki til að koma út prenthæfum texta sem gefa mætti út á geisladiskum.

Fleiri mál voru ekki rædd og sleit fundarstjóri fundi kl. 17:00

Fundargerð ritaði
Vilhjálmur Sigurjónsson, TF3VS

Mættir á aðalfund ÍRA 20/5 2006

TF1EIN
TF1VG
TF2SX
TF3AM
TF3AO
TF3DC
TF3GC
TF3GW
TF3HK
TF3HP
TF3KB
TF3SSN
TF3T

TF3TF
TF3TNT
TF3TON
TF3VS
TF3YH
TF5BW
TF5SLN
TF8PB

Fylgiskjal 1

17. 6. 2005

Tillaga til breytinga á lögum frá TF3VS

Við 15. grein bætist: Rita skal fundargerð félagsfundar og birta með sama hætti og fundargerð aðalfundar.

4. liður 19. greinar verði: Athugasemdir við fundargerð síðasta aðalfundar, ef einhverjar hafa borist, ræddar og bornar undir atkvæði.

Við bætist grein á eftir 22. grein, í kaflanum um aðalfund, og færast síðari greinar til í samræmi við það:

23. Fundargerð aðalfundar skal birta í fyrsta útgefna CQ-TF eftir aðalfund. Berist ekki athugasemdir við hana frá neinum er sat fundinn innan 6 mánaða frá birtingu telst fundargerð rétt, annars skulu athugasemdir kynntar með fundarboði næsta aðalfundar og úrskurðar sá aðalfundur með einfaldri atkvæðagreiðslu um það hvort fundargerð skuli breytt.

Skýringar:

Lestur fundargerðar “síðasta aðalfundar” tekur óþarflega langan tíma í störfum fundarins. Jafnframt er það í hæsta máta óeðlilegt að fundarmenn samþykki eða synji fundargerð fyrir fund sem þeir jafnvel ekki sátu. Birting fundargerðar sem fyrst eftir aðalfund og köllun eftir athugasemdum ætti því best að tryggja að allt sé rétt bókað.

TF3GB heiðraður

Ný stjórn Í.R.A.

Hrafnkell Eyríksson TF3HR



Stjórn Í.R.A. ákvað að sæma Bjarna Sverrisson TF3GB silfurmerki Í.R.A. fyrir áratuga óeigingjörn störf í þágu félagsins en Bjarni hefur verið viðloðað stjórn Í.R.A. í yfir 20 ár ásamt því að vera QSL stjóri Í.R.A til fjölda ára.

Afhenda átti merkið á síðasta aðalfundi en þar sem Bjarni sá sér ekki fært að mæta á þann fund var merkið afhent á fimmtudagsfundum 1. júlí 2006 við fögnuð viðstaddra.

TF útileikarnir 2006

TF útileikarnir verða að vanda haldnir um verslunarmanna helgina.

Og er nú upplagt tækifæri til að viðra nýfengin ferða sendivíðtæki, rápstengur og ferðalofnet ásamt öllu sem til slíkra hluta þarf.

Allar upplýsingar um útileikana er hægt að nálgast á vefsíðunni okkar á ira.is en þar eru dagbókar-, samatektar- og kortablöð ásamt reglum.

Góða skemmtun

CQ TF júlí 2006

Sælir félagar

Í framhaldi af síðasta aðalfundar urðu breytingar á stjórn félagsins.

TF3GB Bjarni Sverrisson gengur úr stjórn. Ný stjórn þakkar honum vel unnin störf.

TF1VG Valtýr Einarsson gengur úr varastjórn. Ný stjórn þakkar honum setu í varastjórn.

TF3HR Hrafnkell Eiríksson tekur sæti í aðalstjórn. TF3PPN Jón Gunnar Harðarson og TF3TON Þór Magnússon taka sæti í varastjórn.

Stjórn er því þannig skipuð:

TF3HP Haraldur Þórðarson er formaður

TF3GW Þór Þórisson er varaformaður

TF3AO Ársæll Óskarsson er gjaldkeri

TF3HR Hrafnkell Eiríksson er ritari

TF3SNN Sveinn er meðstjórnandi

73 de TF3HR

Félagsgjöld

Á aðalfundi félagsins var samþykkt að félagsgjöld yrðu óbreytt, þ.e.a.s. 4.000.- kr. Þeir sem eru yngri en 16 ára og eldri en 67 ára greiða hálf t.árgjald.

Þá var og samþykkt, eftir tillögu gjaldkera, að kostnaður vegna útsendingar gíróséðla falli á greiðanda. Má gera ráð fyrir að þessi kostnaður sé um 300 kr.

Til að komast hjá því að greiða þetta aukagjald, geta félagar greitt beint inná reikning félagsins: **0116-26-7783 kt. 610174-2809**

Gíróséðlar verða væntanlega sendir út í byrjun september til þeirra sem ekki hafa þá þegar greitt árgjaldið.

Þakki til þeirra sem þegar hafa greitt.

73 de TF3AO Gjaldkeri ÍRA

Dippe dutter

Brynjólfur Jónsson TF5BW



TF5BW

Eins og margir félagsmenn vita þá varð ekkert af loftnetaráðstefnunni vestur í Otradal hjá Þorvaldi TF4M. Ástæðuna fyrir þessu vita kannski ekki allir en Þorvaldur vað fyrir því óhappi að girðingarvri stakkst inn

í gegnum annað augað og slasaðist hann mikið. Þorvaldur gekkst undi nokkrar aðgerðir á auganu á sjúkrahúsi í Reykjavík en er nú kom heim í Otradalinn og án efa farin að plana aðra rástefnu og fleiri loftnet. Sendi ég hér með félagi Þorvaldi baráttu-kveðjur.

Töluverðar umræður urðu á póstlistanum okkar nú nýverið um það hvort setja ætti tónlása á endurvarpana okkar vegna sífella lyklinga á þeim og sýndist sitt hverjum. Sumir vildi meina að það væru truflanir sem væru að lykla þá en aðrir vildu meina að svo væri ekki heldur væru þetta mannlegar lyklanir og verð ég að segja að þeirri skýringu fylgi ég.

Þessar leiðu lyklanir án nokkurra skýringa er eitthvað sem maður verður var við þegar maður heimsækir suðvestur landið en verður ekki var við hér norðan Alþafjalla á endurvarpanum okkar á Vaðlaheiði, sem er þó ekki í minna trufluðu umhverfi en hinir.

Það er með eindæmum hvað margir reka sig í takkann á hljóðnemanum án þess að taka eftir því verð ég að segja. Þetta er að sjálfsögðu ekkert annað dónaskapur og til leiðinda að menn skuli haga sér svona. Skammast menn sig fyrir kallmerkin eða hvað? Hvað er að því að segja “TFXXX prófar” þegar maður lykklar endurvarpa.

Ekkert.

Að segja að þetta séu truflanir er einfaldlega ekki rétt. Hvað hef ég fyrir mér í því? Jú hér fyrir nokkrum árum var haldið landsmót skáta að Hamri hér rétt sunnan við Akureyri. Umferð um endurvarpan okkar á Vaðlaheiði jókst umtalvert, sem var hið besta mál. Á þetta landsmót kom töluverður hópur radióamatöra bæði skátar og aðrir og viti menn lyklanir á endurvarpanum án kallmerkja eða annarra sendinga jukust um einhver hundruð prósent frá því sem áður var og þegar landmóti lauk þá hættu þessar lyklanir aftur.

Þetta er megnasti ósiður sem við ættum að venja okkur af hið fyrsta. 73 de TF5BW

Afmælishátíð

Sælir félagar

Stjórn ÍRA stefnir að því að halda afmælishátíð og veislu í tilefni af 60 ára afmæli félagsins þann 26. eða 27. ágúst. Stefnt er að því að leigja sal, bjóða vinum og velunnurum og hafa veitingar og skemmtilega dagskrá.

Ef einhver lumar á áhugaverðu erindi eða fallegum radió-smíðagrip eða tæki sem mætti sýna eða segja frá væri það vel þegið. Ef mönnum detta aðrir dagskrárliðir í hug eða langar að borga undir skemmtilega fyrirlesara erlendis frá er það líka alveg sjálfsagt

Áhugasamir setji sig í samband við varaforseta radióamatörafélags hins íslenska lýðveldis, Þór TF3GW (tf3gw@simnet.is)

Nánar auglýst síðar.

73 de TF3HR Hrafnkell

TF3AM reisir nýjan lóðréttan dípól

Andrés Þórarinnsson TF3AM



TF3AM

Það var sumarið 2005 sem ég reisti 15m lóðréttan dípól við sumarhúsið sem ég hef aðgang að í Grafningum. Það loftnet hefur reynst afbragðsvel. Leggirnir eru 6m hvor og síðan er 3m rör neðst til að halda dípólnum frá jörðu. 450 ohm flatkapall liggur úr miðjunni og inn í stofu og þar hef ég notað ballanseraðan tjúner til að fara út á öllum tíðnum. Þetta gengur fint á 20m og ofar, og þökkalega á 40m en síður á neðri böndunum.

Ég ákvað því að setja upp enn lengri lóðréttan dípól fyrir 160, 80 og 40m böndin. Af hverju lóðréttan, kann einhver

að spyrja? Ástæðan er fyrst og fremst sú að fá sem sterkast merki undir lágu horni, sem hentar vel í DX-a. Það er sérstaklega í kontestum sem merkið á neðri böndunum þarf að vera sterkt, til að hjálpa til við að yfirgnæfa nálægar stöðvar í Evrópu og í Bandaríkjunum.

Ég valdi að hafa stöngina 21m alls, með hatti að ofan og neðan. Rörin fékk ég í Málmtækni, 2" rör í stöngina og 1" rör í hattinn. Rörin eru í 6m lengjum og því var hæfilegt að nota 6+3=9 m í hvorn legg og 3m til að halda neðri hlutanum frá jörðu eða alls 21m. Í hattinn voru notaðar 2 stk af 3m stöngum með vír milli endanna til að auka rýmdina.

Frá Martin Lynch & Sons fékk ég 2" hulsur til að setja rörin saman með, og einnig stagfesturnar með 4 augum og þverfestingar fyrir hattana. Frá Titanex kom 3mm Kevlar reipin sem ekki togna og frá Wireman kom 450 ohm flatkapallinn. Einangrarnir voru renndir úr leguplasti. Og í hæla notaði ég galvaniseraða girðingarstaura sem ég sagaði í tvennt þannig að hver hæll varð 90cm.

Það tók mig 3 helgar að gera allt klárt, reka niður hælana, setja saman stöngina, reisa 9m hjálparstöngina og gera öll stög klár. Svo rann dagurinn upp, 18. júní, skýr og fagur. Atli Þór TF3IPN sem nýlega fékk leyfið sitt, kom til að aðstoða mig. Atli er vanur maður með reipi og trissur, enda formaður Flugbjörgunarsveitarinnar í Reykjavík.

Eftir að efri hatturinn var étt af og stögin stekkt vel þannig



TF3AM og TF3IPN tilbúnir til að reisa dípólinn. Reyndar eru byrjað að hífa upp eins og sést á því að endinn hefur lyftst frá jörðu. Hatturinn er kominn á toppinn, með 1,5m radiólum og með tvöföldum vír á milli til að auka rýmdina.

gerður klár og flatkapallinn festur í miðjuna, þá byrjaði ævintýrið. Ég var með taliu og tvídoblaða trissur að ofan og neðan og upp fór stöngin, hægt og bitandi. Hjálparstöngin var dálítið svög og því fannst okkur öruggara að styðja við hana og halda beinni. Þessu var lokið á

skömmum tíma, og síðan var stöngin rétt af og stögin stekkt vel þannig að stöngin varðþinnstíf.

Næst er að ganga frá flatkaplinum og síðan að prófa gripinn en það verður gert á IARU kontestinum í júlí nk.

73 de TF3AM, Andrés



Flatkapallinn var festur við hvora álstöng með hosuklemmum og síðan teipað vel og vendilega yfir. Sjá má stagfestuna til hægri og augun sem stögin eru bundin í. Það hefur viljað brenna við að stögin losnuðu af krökunum þegar verið er að hífa upp og því eru þau bundin niður með plastböndum.



Stöngin er hálfnuð upp og kominn tími fyrir myndatöku. Sjá má að hjálparstöngin er aðeins sveigð undan þunganum. Samt er erfiðasti hlutinn að baki. Í baksýn er 15m mastrið.

Rétt notkun kallmerkja

Vilhjálmur Þ. Kjartansson TF3DX



TF3DX

Þessi grein var skrifuð fyrir nokkrum vikum. Síðan hefur orðið mikil framför. Þeir sem hafa komið glænýir í loftið í millitiðinni standa sig vel í flestu sem hér er fjallað um.

Sérkennileg staða hefur komið upp á 3633 kHz undanfarið sem kemur eldri amatörum alveg í opna skjöldu. Þar hefur mátt heyra stöðvar koma í loftið og halda uppi samræðum löngum stundum án þess að gefa upp kallmerki sitt. “Góða kvöldið” er látið nægja sem kynning og kall á aðra stöð gæti verið “Hemmi?” eða eitthvað ámóta. Þetta er að sjálfsögðu kolólöglegt.

Í fyrstu var ég sannfærður um að þetta væru píratar og var farinn að tína fram miðunargrejunar, en áttaði mig svo á því að þetta voru byrjendur sem við höfðum gleymt að kenna hvernig á að hafa samband! Bæði kennsla og prófun í viðskiptaháttum voru nefnilega áður í tengslum við morsið. Í morsprófi voru menn látnir sýna hvernig þeir kalla aðra stöð, kalla CQ og annað í þeim dúr. Ekki sist voru menn spurðir út í gullnu regluna um hvað menn gera fyrst, þ.e. hlusta til að ganga úr skugga um að tíðnin sé laus.

Sem formaður Prófnefndar Í.R.A. axla ég fulla ábyrgð á því að þessi atriði dattu upp fyrir í prófunum án þess að við tækjum eftir, og ætla nú að reyna að bæta fyrir það með nokkrum ábendingum þó seint sé. Jafnframt vil ég hvetja reynda amatöra til að vera virkir á 3633 kHz til að kunnáttan erfist hér eftir sem hingað til.

Reglur um kallmerki

Eitt af því fyrsta sem þjóðir heims komu á í byrjun síðusta aldar til að auka notagildi ljósvakans voru kallmerki og samræmt form fjarskipta. Í alþjóðareglu

gerðinni segir:

19.1 All transmissions shall be capable of being identified either by identification signals or by other means.

19.2 All transmissions with false or misleading identification are prohibited.

19.29 All stations open to international public correspondence, all amateur stations, and other stations which are capable of causing harmful interference beyond the boundaries of the territory or geographical area in which they are located, shall have call signs from the international series allocated to its administration as given in the Table of Allocation of International Call Sign Series in [Appendix 42](#).

25.9 During the course of their transmissions, amateur stations shall transmit their [call sign](#) at short intervals.

Síðasta greinin varðar amatöra sérstaklega og hljóðar svo í lauslegri þýðingu:

25.9 Amatörstöðvar skulu senda kallmerki sitt með stuttu millibili meðan á sendingu stendur.

Í íslensku reglugerðinni segir m.a.:

8. gr. Leyfishafar skulu auðkenna sendingar með kallmerki sínu hvort sem um Morse eða tal er að ræða. Kallmerkið skal gefa upp sem fyrst eftir byrjun sendingar og alltaf í lok hennar.

Af þessu er ljóst að kallmerkið er aðgangskort okkar að ljósvakanum og okkur ber að auðkenna allar sendingar með því, hvort sem við höfum samband, stillum sendinn eða prófum hvort við náum að lykla endurvarpa.

Þegar allir hlutu eldskírn á morsi fór ekki á milli mála hvernig hver sending hófst og lauk með kallmerkjum: “TF3IRA de TF3DX” eða við prófun: “VVV VVV VVV de TF3IRA”. Framhald á síðu 15

TF7 og hálandið

Vilhjálmur Þ. Kjartansson TF3DX



TF3DX

Þetta var upphaflega skrifað til að vera innlegg á ÍRA-póstinn, en þá kom lokakall frá ritstjóra um efni í CQ-TF. Þar sem þetta var í raun orðið

nokkurt greinarkorn fór það þessa leið, ekki síst til að koma áskorun um virkni frá TF7 á varanlegra form.

Það var skemmtileg tilviljun að Jón TF3JA skyldi segja frá hugmynd um langbylgjulofnet milli Klifsins og Heimakletts á ÍRA-póstinum nýlega, því ég var kominn á fremsta hlunn með að nefna þetta í framhaldi af þælingum Einars TF3EK á sama vettvangi um að nota fjöll til að halda uppi loftneti fyrir 137 kHz amatörbandið.

1971 eða 1972, þegar ég var við nám í Boston, skrifaði ég nefnilega Ríkisútvarpinu með tillögu að langbylgjulofneti í Vestmannaeyjum eins og Jón lýsti. Rökin voru að Eyjar liggja fyrir miðju landi, saltur sjór væri í kringum loftnetið og upphengjur til staðar. Ekki fékk ég skriflegt svar, en frétti seinna að hugmyndin hefði komið til skoðunar.

Af þessum sökum varð mér nú hugsað til Vestmannaeyja fyrir okkur amátöra. Öruggt má telja að amátörsendir þar á 137 kHz myndi ná til stærsta hluta hálandisins á jarðbylgju. Vandinn er þó nægilega stórt loftnet færstöðvar á móti til að senda frá sér nothæft merki á 137 kHz, og óvist að T-loftnet á Eiðinu væri gott til móttöku vegna rafmagnstruflana frá bænum.

Einhverjum árangri mætti ná á 137 kHz með topplóðuðum vertikal í 10 m rápstöng með bil sem mótvægi, e.t.v. með einhverri bót af radiólum. Þá er lykilatriði að búa til lengingarspólu sem hefur hátt Q og eiginresónans vel fyrir ofan í tíðni, sem er ekki

aðdvelt vegna þess hve rýmmin er lítil í svona litlu loftneti. ZL-amatörar og fleiri hafa náð ótrúlegum árangri á langbylgju með oft lélegum loftnetum, en bæta það upp með mjög hægfara gagnasendingu. Í neyðartilfalli þarf ekki löng né flókin boð til að skipta sköpum. Þetta þyrftum við endilega að prófa, með eða án TF7.

Þess utan ættu Vestmannaeyjar líka að liggja vel við hálandinu hvað varðar jarðbylgju á 160 m og 80 m. Ég notaðist oft við Vestmannaeyjar radió í hjálparveitarstarfi um miðjan sjöunda áratuginn, bæði af suðurjökklunum og ekki síst þegar HSSR hélt úti viðamikilli sjúkragæslu og fjar-skiptaþjónustu fyrir lögregluna í Þórsmörk um Verslunarmannahelgar. Þá hlustaði TFV almennt ekki á 2790 kHz, en hægt var að ná þeim á bátabylgju og biðja um QSY á 2790 kHz eða afgreiða á vinnubylgjum.

Líklega fékk Gufunes aðgang að 2790 kHz viðtæki (og sendi?) síðar í Vestmannaeyjum, en sjálfur upplifði ég aldrei afgerandi prófun á því hvers megnugur staðurinn væri fyrir samband vítt og breitt um hálandið. **Það væri því mikill akkur í virkni frá TF7 amatörum á 80 m og 160 m í samvinnu við amátöra sem ferðast mikið.** Þá skiptir máli að huga vel að loftnetum, truflunum í móttöku og slíku. Eru einhverjir áhugasamir?

Ég læt að lokum fylgja með sögu sem sýnir að mors getur komið sér vel. Þeir sem ekki muna svokallaðar “úthátíðir” í kringum 1965 eiga sjálfsagt erfitt með að ímynda sér ástandið. Um dæmigerða Verslunarmannahelgi flutti HSSR tugi slasaðra “hátíðagesta” yfir árnar til móts við sjúkrabíla við Stóru-Mörk. Alvarlegasta tilfallið var svo slæmur höfuðáverki að við kölluðum til þyrllu frá varnarliðinu til að flytja sjúklinginn sem var í bráðri lífshættu. Það þyrfti að koma

boðum til aðstandenda í Reykjavík, en af augljósum ástæðum var ekki hægt greina frá nafni hans í talstöð á 2790 kHz, sem hálf þjóðin hlustaði á um helgi sem þessa. Ég brá því á það ráð að kalla upp TFV á 2182 kHz og biðja loftskeytamanninn þar að taka við þessum viðkvæmu upplýsingum á morsi á vinnubylgju. Það gerði hann léttilega.

Í ljósi sífelldra fréttu af vandkvæðum í fjarskiptum við björgunaraðgerðir, má geta þess að þarna var auðvelt að hafa samband við bandarísku þýrluna á 2912 kHz, enda áður haft samráð um það. Þeir voru með SSB sendiviðtæki, en vissu að þeir þurftu að stilla á AM til að hafa samband við okkur. Það var reyndar SSB + burðarbylgja, en dugði vel þá sem endranær í sameiginlegum aðgerðum á þessum árum. Við sáum þýrlunni fyrir QSP við flugstjórn í landingu og flugtaki, sem og HF-sambandi meðan hún var utan VHF-drægis vegna lágflugs.

73, Villi TF3DX

Rétt notkun kallmerkja frh.

Þegar um stutt innskot er að ræða, hvort sem er á morsi eða “talað er á fjöðrinni” til að ná fram dúplexáhrifum, er löng hefð fyrir þeirri túlkun meðal amatöra hér sem annars staðar að “sending” geti verið nokkur slík innskot. Með æfingu er hægt að halda uppi liprum samskiptum en hafa samt í heiðri þá meginreglu að enginn þurfi að hlusta lengur en fáeinar mínútur til að heyra hverjir eru í loftinu. Klárlega á alltaf að gefa kallmerkið þegar sambandi er lokið, afkynna sig eða “sign off” eins og það er kallað á ensku.

Þetta er náttúrulega lykillinn að því að halda tíðnisviðum hreinum af óværu, nokkuð sem skiptir okkur amatöra gríðarlega miklu máli. Þess utan er það sjálfsögð kurteisi við félag okkar sem við deilum tíðnisviðunum með, að líta á aðgang að tíðni sem einkahagsmuni okkar eða þröngs hóps gengur þvert á grundvöll

CQ TF júlí 2006

amatörhreyfingarinnar.

Röð kallmerkja

Kallmerki stöðvarinnar sem skipt er við kemur alltaf á undan og manns eigið á eftir. “TF3IRA hér er TF3DX” eða “TF3IRA TF3DX kallar”. Oftast er innskotsorðum sleppt eftir að samband er komið á. Þessi regla dregur stórlega úr hættu á misskilningi þegar illa heyrast eða hjálparorðin á milli eru á framandi tungumáli. Það eru eingöngu leikarar í B-myndum sem segja: “Geimstöð Alfa kallar Jörð”.

Eitt kallmerki

Af og til láta menn sér nægja að senda eitt kallmerki til styttingar, t.d. þegar margir kalla eftirsóttá stöð eða við nokkrar skiptinganna í sambandi. Samkvæmt hefðinni þýðir “TF0XYZ” eitt og sér að sú stöð sé að senda, ekki að verið sé að kalla á hana. Þetta er í samræmi við þá skyldu sem er svo rík í ofanefndum reglum, að hver stöð skuli auðkenna sína eigin sendingu.

Ég er sannfærður um að nýir amatórar taka þessum ábendingum vel. IRA mun fyrir sitt leyti beita sér fyrir áframhaldandi úrbótum á kennslu og prófun úr þessum atriðum.

73, TF3DX

Vilhjálmur Þór Kjartansson

Form. Prófnefndar Í.R.A.

Gjaldkeri minnir á að nú er hægt að leggja félagsgjaldið beint inn á reikning félagsins og komast þannig hjá kostnaði við gíróseðla. Sjá nánar á blaðsíðu 9

Keppnismál

Ársæll Óskarsson TF3AO



TF3AO

Í síðasta eintaki af CQ TF var enginn dálkur um keppnismál, þar sem úr litlu var að moða. Frekar hefur lítið bæst við og vil ég enn og einu sinni hvetja þá sem hafa verið með í keppnum að senda mér línu, þó að ekki komi fram nema fjöldi sambanda og áætlaður stigafjöldi.

Sjálfur hef ég oft verið virkari í keppnum, en hef þó svona rétt kroppað í hinar og þessar keppnir eins og sjá má á eftirfarandi upptalningu.

21.01.	UK DX RTTY	12 sambönd
28. & 29.01	BARTG RTTY Sprint	74 sambönd
05.02	Mexico RTTY	136 sambönd
11. & 12.02	CQ WW WPX RTTY	158 sambönd
25. & 26.02	REF SSB keppnin 65 sambönd, eingöngu við Franskar stöðvar	
18.03	BARTG RTTY Spring	118 sambönd
25. & 26.03	CQ WW WPX SSB	219 sambönd
01. & 02.04	EA RTTY	120 sambönd
22. & 23.04	SPDX RTTY	63 sambönd
06. & 07.05	ARI Int. DX RTTY	55 sambönd
13. & 14.05	Volta RTTY	33 sambönd
20. & 21.05	EU PSK DX	20 sambönd

Auðvitað hafa skilyrðin verið upp og niður í þessum keppnum, en inn á milli hafa komið ótrúlegar opnanir. Fyrir þá sem eru að reyna að ná í sjaldgæf kallmerki segi ég að í keppnum er oft grundvöllur fyrir því að ná þeim.

Andrés, TF3AM, hefur einnig verið iðinn við kolann og hefur verið einn af þeim fáu sem hafa sent mér reglulega yfir þátttöku sína í keppnum. Hér fer listi hans:

07. & 08.01	ARRL RTTY	209 sambönd
28. & 29.01	BARTG RTTY	44 sambönd
05.02	Mexico RTTY	133 sambönd
11. & 12.02	CQ WPX RTTY	484 sambönd
19.02	ARRL Int DX CW	135 sambönd
04. & 05.03	ARRL Int Dx SSB	215 sambönd
18. & 19.03	BARTG RTTY	97 sambönd
25. & 26.03	CQ WPX SSB	679 sambönd

Þeir félagar, TF3YH og TF3DC tóku þátt í ARRL CW keppninni þann 19.02 og notuðu afmæliskallmerki félagsins, TF60IRA. Samböndin urðu 411 og stigin um 95000. Í klásúlu með loggnum til keppnisstjórar fylgdi með að kallmerkið hefði ekki verið það auðveldasta í keppni, en megintilgangurinn hafi verið að virkja þetta kallmerki.

Þá er það ekki fleira að sinni, en ég vona að þátttaka verði meiri þegar haustar, og menn verði samtaka um að gera klúbbstöðina enn betri en hún er nú þegar, með bættum loftnetabúnaði.

73 de TF3AO

CQ TF júlí 2006